

## Stjórnarfundur 22. maí 2018

**Mætt:** Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Arason og Þórir Örn Grétarsson

1. Sveinbjörn Dagfinnsson lést 16. maí og verður jarðaður frá Dómkirkjunni 1. júní. Vottum aðstandendum hans okkar virðingu. Passa þarf að Fákspáninn fari í kirkjuna.
2. Samningur við Oz varðandi útsendingar frá viðburðum á svæðinu. Tóti hittir Áskel Heiðar og tæknimenn á vegum LM til að skoða samninginn og möguleikana og koma með tillögur til stjórnar.
3. Hafa komið beiðnir frá Félagsmönnum um að færa Gæðingamótið vegna veðurs. Hjörtur búinn að vera í sambandi við Ívu. Leggjum áherslu á að börn, unglingar og ungmenni fái sem bestu aðstæður til keppni. Mótanefnd fær fullt traust stjórnar til að taka ákvarðanir varðandi tímasetningar.
4. Dómpallur inn í stóravellinum er í mjög slæmu ástandi. Taka þarf hann í gegn fyrir LM.
5. Mótanefnd skilaði frábæru Reykjavíkurmeistaramóti af sér og er mikil ánægja út á við með mótið. Yfirdómari lýsti yfir mikilli ánægju með allt samstarf við mótshaldara.
6. Virkaði mjög vel að halda grill fyrir þá sem stóðu að Reykjavíkurmeistaramótinu. Stefnum á að gera það aftur eftir Gæðingamótið.
7. Hjörtur og Þórir að fara að funda með umhverfisnefnd. Stefnum á að hafa grill líka með þeim þegar verður hóað í félagsmenn til að koma og gróðursetja með okkur.
8. Fara þarf yfir flaggstangir og stöðu á þeim. Sigurbjörn ætlar að fylgja málinu eftir. Leifur fer í það með honum.
- 9.

Meira ekki rætt og fundi slitið

